

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 19. júní 2009

---

### Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hafa nú gefið út endurskoðaðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í þessari 3. útgáfu leiðbeininganna er sérstaklega horft til sambærilegra leiðbeininga frá öðrum löndum og forskriftar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Einnig eru fleiri og ítarlegri ákvæði í nýjum leiðbeiningum og gerðar eru ríkari kröfur til stjórnenda fyrirtækja en áður, á nær öllum sviðum.

*„Skemmst er frá því að segja að þörf er á að bæta stjórnarhætti í íslensku viðskiptalífi. Markmið nýrra leiðbeininga er að stuðla að þessu markmiði. Í þessu felst meðal annars að bæta stjórnarhætti og viðskiptasiðferði, hvetja til aukinnar upplýsingagjafar til viðskiptalífsins og opnari og öflugari samskipta á milli fyrirtækis, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Leiðbeiningunum er þannig ætlað að vera þáttur í uppbyggingu trausts og gegnsæis í íslensku viðskiptalífi. Við köllum eftir víðtæku samstarfi við fyrirtæki, fjárfesta, fjölmiðla, menntastofnanir og rannsóknaraðila um fylgni við leiðbeiningarnar, en virk þátttaka allra leggur grunninn að betri stjórnarháttum.“* sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland og formaður starfshóps um stjórnarhætti fyrirtækja, á blaðamannafundi í vikunni þar sem Gylfa Magnússyni, viðskiptaráðherra, var afhent fyrsta eintak leiðbeininganna.

Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra, sagði m.a. afar mikilvægt að samstaða myndist um að draga lærdóm af því sem miður fór. Að hans mati er íslenskt atvinnulíf á langri vegferð til bata og endurreisnar. Gylfi sagði leiðbeiningarnar geta verið fyrsta skrefið á þeirri vegferð og tilvist þeirra væri jafnframt mikilvæg í ljósi þess að ekki væri unnt að setja lög um alla hluti og álitamál tengd atvinnurekstri.

Á fundinum voru jafnframt viðstaddir fulltrúar nokkurra þeirra aðila sem aðstoðuðu við gerð nýju leiðbeininganna, þ.m.t. fulltrúar PricewaterhouseCoopers og Epikos miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja auk Þorkels Sigurlaugssonar framkvæmdastjóra hjá Háskólanum í Reykjavík.

Nýjar leiðbeiningar hafa víðtækara gildissvið en áður, þeim er ekki einungis beint að skráðum félögum heldur öllum félögum sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum. Fjöldi fyrirtækja hefur sýnt endurskoðuðum leiðbeiningum áhuga og telja mikilvægt að til staðar séu skýr tilmæli af þessu tagi. Til að auka líkur á markvissri eftirfylgni, munu útgáfuaðilar fá til liðsinnis við sig nýtt rannsóknarsetur um stjórnarhætti fyrirtækja. Setrið verður fengið til að framkvæma úttekt á eftirfylgni að ákveðnum tíma

liðnum, sem nýtt verður til aðhaldsaðgerða.

Leiðbeiningarnar í heild má nálgast án endurgjalds á [vef Viðskiptaráðs](#) eða á skrifstofu ráðsins gegn vægu gjaldi.

### **Aðgerðir í ríkisfjármálum**

Ríkisstjórnin hefur nú kynnt nokkrar ráðstafanir í fjármálum hins opinbera til skemmri og lengri tíma. Í grófum dráttum virðist áherslan fyrst og fremst vera á aukna tekjuöflun í gegnum aukna skattheimtu og aðrar opinberar álögur í stað niðurskurðar og hagræðingar í ríkisrekstrinum. Til að mynda hafa vera kynntar hugmyndir um hátekjuskatt á allar tekjur umfram 700 þúsund krónur á mánuði, hærra tryggingagjald á atvinnurekendur, hækkun fjármagnstekjuskatts og hækkun virðisaukaskatts á fjölmargar vörutegundir. Frumvarp hefur nú verið lagt fram á Alþingi þar sem aðgerðir þessar eru rækilega kynntar og mun Viðskiptaráð Íslands skila umsögn um þetta frumvarp líkt og mörg önnur.

Um leið og Viðskiptaráð fagnar því að áætlun í ríkisfjármálum skuli nú loksins hafa litið dagsins ljós eru það engu að síður mikil vonbrigði hversu einhliða aðgerðirnar eru. Áherslan sýnist fyrst og fremst á aukna tekjuöflun með skattahækkunum og annarri opinberri gjaldheimtu í stað niðurskurðar og hagræðingar í ríkisrekstrinum. Áætlanir ríkisstjórnarinnar bera ekki með sér einlægan vilja til að fara „blandaða leið“, eins og svo gjarnan var talað um.

Viðskiptaráð Íslands hefur ítrekað fjallað um ríkisfjármálin og þá stefnu sem æskilegt er að hafa að leiðarljósi á þeim vettvangi. Hefur ráðið talað gegn því að farin verði leið skattahækkana og opinberrar gjaldheimtu enda er fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja þegar í molum og ekki á bætandi með auknum álögum. Útgjöld hins opinbera hafa vaxið gríðarlega undafarin ár og því telur Viðskiptaráð talsvert mikið svigrúm til niðurskurðar í ríkisrekstrinum og hefði ráðið talið mun heppilegra að nýta þá kosti í ríkara mæli en ný ríkisstjórn virðist ætla að gera. Auk þess er alls ekki víst að skattahækkarnar skili ríkissjóði þeim tekjum sem ríkisstjórnin hefur áætlað við þær viðkvæmu aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu. Alþjóðlegar hagrannsóknir benda til þess að miklar skattahækkarnir í efnahagskreppum leiði gjarnan til tekjusamdráttar fyrir hið opinbera og því gætu áhrif skattahækkana nú orðið þveröfug við það sem lagt er upp með.

Á næstu dögum og vikum mun Viðskiptaráð fjalla nánar um ráðstafanir hins opinbera í ríkisfjármálum. Í þessu sambandi minnir ráðið á skýrsluna [Útþensla hins opinbera](#) og skoðunina [Forðast ber skattahækkarnir](#), en þar eru færð sterk rök fyrir því að niðurskurður í ríkisrekstrinum sé vænlegri leið til árangurs en víðtækar skattahækkarnir.

## Betri árangur með bættum stjórnarháttum

Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi grein í Viðskiptablaðið fimmtudaginn 18. júní síðastliðinn:

*Fyrir rétt tæpum fimm árum gáfu Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin út fyrstu leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja hérlendis. Það er skemmt frá því að segja að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá útgáfu leiðbeininganna, sem miðuðu að því að sýna vilja í verki til að axla aukna ábyrgð með bættum stjórnarháttum og gagnsæi. Þrátt fyrir að rekstur fjölda fyrirtækja hafi verið til fyrirmyndar undanfarin ár er ljóst að viðtökur við leiðbeiningunum ollu þó nokkrum vonbrigðum og vantraust í garð fyrirtækja og viðskiptalífs er til vitnis um að margt hefur betur mátt fara. [Lesu áfram...](#)*

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka það fram að hér er hvorki um ítarlega né tæmandi greiningu að ræða, heldur samantekt sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa jókst um um 13,7% á fyrsta ársfjórðungi** ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Aflaverðmætin fyrstu þrjá mánuði ársins námu tæpum 26 mö.kr. samkvæmt Hagstofunni.
- **Verðmæti útistandandi jöklabréfa hefur lækkað mikið frá áramótum** og er nú áætlað að um 80 ma.kr. af þess háttar bréfum séu enn útistandandi. Þetta eru jákvæð tíðindi enda hafa jöklabréfin lengi verið einn þeirra óvissuþátta sem staðir hefur í vegi fyrir afnámi hafta á gjaldeyrismarkaði.
- **Erlendir aðilar hafa áhuga á fjárfestingu í íslenskum fyrirtækjum**, en fjármálaráðherra hefur til að mynda staðfest að erlendir aðilar hafi mikinn áhuga á að fjárfesta í Ícelandair. Þetta er jákvætt enda getur fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi gegnt veigamiklu hlutverki í efnahagslegri endurreisn landsins.
- **Vonir standa til þess að hægt verði að hefja afnám gjaldeyrishafta í lok þessa árs** samkvæmt því sem kom fram í erindi sendifulltrúa AGS hér á landi á fundi í vikunni. Þá sagði hann einnig að þegar jafnvægi verði komið á fjárlög ríkisins, á árunum 2012-2013, verði skuldastaða ríkisins viðráðanleg.
- **Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði lítið eitt í vikunni** líkt og síðustu vikur. Íslensk hlutabréf hafa nú hækkað um tæp 16% það sem af er annars ársfjórðungs.
- **Álverð heldur áfram að hækka** á mörkuðum erlendis og hefur það nú hækkað um hátt í þriðjung á þremur mánuðum.

- **Hátt í 500 nemendur útskrifuðust úr Háskólanum í Reykjavík** sl. laugardag við hátíðlega athöfn. Um er að ræða kraftmikinn hóp einstaklinga með fjölbreytta menntun sem kemur með nýja þekkingu og nýja reynslu inn í atvinnulífið.
- **Fréttir af samtarfi íslenskra og erlendra fyrirtækja héldu áfram að berast í vikunni.** Þar má nefna sem dæmi 6 ma.kr. samning Envent við orkufyrirtæki á Filippseyjum og samning ORF Líftækni við bandarískt húðvörufyrirtæki.
- **Íbúðalánasjóður hefur lækkað vexti** í kjölfar útboðs á íbúðabréfum. Þannig hefur sjóðurinn lækkað útlánavexti íbúðalána með uppgreiðsluákvæði um 0,1% niður í 4,60% og 5,10% án uppgreiðsluákvæðis.
- **Norðurlöndin munu öll styðja við aðild Íslands að ESB** og munu Svíar, sem verða í forsæti sambandsins, sérstaklega liðka fyrir málinu. Þetta kom fram á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í vikunni.
- **Nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja** voru kynntar í vikunni, en þeim er ætlað að auka gagnsæi og traust íslensks atvinnulífs til frambúðar. Fjöldi fyrirtækja hefur sýnt leiðbeiningunum áhuga.

Góða helgi.